

Nefndarálit

**um frumvarp til laga um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga
sem sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda
án þess að sýna merki þess að vera sýktir.**

Frá velferðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ásmund Einar Daðason félags- og barnamálaráðherra, Ernu Blöndal, Evu Margréti Kristinsdóttur og Gissur Pétursson frá félagsmálaráðuneytinu, Drífu Snaðal, Magnús Norðdahl, Halldór Grönvold og Henný Hinz frá Alþýðusambandi Íslands, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Erling Jóhannesson frá Bandalagi íslenskra listamanna, Birnu Hafstein frá Sviðslistasambandi Íslands og Félagi íslenskra leikara og Hrafnhildi Theódórsdóttur frá Félagi íslenskra leikara, Sigtrygg Baldursson frá ÚTÓN, Boga Nils Bogason og Ara Guðjónsson frá Icelandair, Jóhannes Þór Skúlason, Gunnar Val Sveinsson og Benedikt S. Benediktsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Heiðrúnu Lind Marteinsdóttur og Heiðmar Guðmundsson frá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi og Þórunni Sveinbjarnardóttir frá Bandalagi háskólamanна.

Nefndinni bárust umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanна, BSRB, Landssamtökunum Proskahjálp, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Öryrkjabandalagi Íslands.

Efni og markmið frumvarpsins.

Markmiðið með frumvarpinu er að tryggja að atvinnurekendur, sem greiða launamönum er sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda án þess að vera sýktir laun á tímabilinu frá 1. febrúar 2020 til og með 30. apríl 2020, geti sótt um greiðslur vegna launakostnaðar. Sama á við um greiðslur til launamanna sem sæta sóttkví á sama tímabili en fá ekki greidd laun frá atvinnurekanda. Þá er lagt til að lögin skuli gilda um greiðslur til sjálfstætt starfandi einstaklinga sem verða fyrir launatapi þar sem þeir sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda á framangreindu tímabili. Með því er stefnt að því að einstaklingar geti fylgt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda um að sæta sóttkví án þess að hafa áhyggjur af afkomu sinni. Skilyrði fyrir greiðslum eru m.a. að launamaður hafi ekki getað sinnt vinnu að öllu leyti eða að hluta þaðan sem hann sætir sóttkví.

Frumvarpið er hluti af viðbrögðum ríkisstjórnar Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands, sbr. yfirlýsingu þar um, við breyttum aðstæðum á vinnumarkaði til að bregðast við COVID-19-faraldrinum.

Gildissvið frumvarpsins.

Nefndin fjallaði sérstaklega um gildissvið frumvarpsins en í 1. gr. er lagt til að lögin taki til greiðslna til atvinnurekenda sem greitt hafa launamönum sem sæta sóttkví laun á tímabilinu frá 1. febrúar 2020 til og með 30. apríl 2020. Enn fremur gildi lögin um greiðslur til launamanna sem sæta sóttkví á sama tímabili en fá ekki greidd laun frá atvinnurekanda,

svo sem vegna rekstrarörðugleika eða tekjufalls. Sama gildi um greiðslur til sjálfstætt starfandi einstaklinga sem sæta sóttkví á sama tímabili.

Fyrir nefndinni komu fram ábendingar um nauðsyn þess að útvíkka gildissvið þannig að það nái til þeirra tilvika þegar foreldri eða forráðamaður þarf að annast barn vegna þess að það er í sóttkví án þess að vera sýkt og getur af þeim sökum ekki sinnt vinnuskyldu sinni að öllu leyti eða að hluta. Þá kom fram að þannig geti verið að barn sem er í sóttkví sé ekki veikt og þarfnið ekki umönnunar nema sökum þess að það getur ekki verið eitt heima vegna ungs aldurs. Auk þess var bent á að eldri systkini sem eru t.d. í menntaskóla eða háskóla séu nú heima vegna lokunar þeirra stofnana og því ekki þörf á viðveru foreldra. Nefndin tekur í því sambandi fram að samkvæmt almennum kjarasamningum er réttur til launaðra fjarvista vegna veikinda barna afmarkaður við 13 ára aldur barns en í þessu sambandi er ekki um veikindi að ræða en engu síður aðstæður sem geta í einhverjum tilfellum krafist þess að foreldri sé heima með barn og geti ekki sinnt vinnuskyldu sinni. Nefndin telur rétt að taka fram að þrátt fyrir röskun á skólastarfi þurfa nemendur í menntaskólum og háskólum nú að sinna öllu sínu námi í fjarnámi. Nefndin telur með hliðsjón af framangreindu rétt að útvíkka gildissvið frumvarpsins til að mæta þessum sjónarmiðum og leggur til breytingu á frumvarpinu þess efnis.

Nefndin fjallaði einnig um stöðu foreldra barna undir 18 ára sem fá þjónustu samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og þurfa að sæta sóttkví. Nefnd voru dæmi um að foreldrar eða aðrir aðstandendur gætu ekki sinnt starfsskyldum sínum eða þyrftu að minnka starfshlutfall sitt vegna þess. Nefndin telur nauðsynlegt að mæta þessum sjónarmiðum og leggur til breytingu á frumvarpinu í þá veru. Þá leggur nefndin til að Vinnumálastofnun geti kallað eftir upplýsingum frá félagsþjónustu sveitarfélaga í tengslum við þessa breytingu.

Einnig komu fram sjónarmið um að gildissviðið yrði útvíkkað þannig að það næði einnig til foreldra sem þurfa að vera heima með börnum sínum vegna skertrar starfsemi í leik- og grunnskólum vegna samkomubanns. Nefndin tekur undir mikilvægi þess að tekið verði tillit til þeirrar flóknu stöðu sem fjölskyldufólk er í og beinir því til ráðherra að kanna það við þá vinnu sem fram undan er vegna faraldursins.

Réttindi í sóttkví.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að sóttkví verði skilgreind þannig að einstaklingi sé gert að einangra sig eins og kostur er, einkum í heimahúsi, samkvæmt beinum fyriðmælum heilbrigðisyfirvalda þegar hann hefur mögulega smitast af sjúkdómi en sýnir ekki merki þess að vera sýktur. Fram kom á fundi nefndarinnar að einstaklingur á rétt til greiðslu í sóttkví eins oft og slík tilmæli koma frá sóttvarnarlæknii. Þá kom einnig fram að réttindi einstaklinga til launa í sóttkví breytast ef staðfest er að einstaklingur greinist með COVID-19, þá virkjast hefðbundinn veikindaréttur samkvæmt kjarasamningum.

Greiðslur til sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Nefndin fjallaði einnig um stöðu sjálfstætt starfandi einstaklinga en í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að undir þá skilgreiningu falli hver sé sem starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í því umfangi að honum sjálfum er gert að standa mánaðarlega eða með öðrum regluglegum hætti skil á staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjaldi vegna starfs síns samkvæmt reglum ríkisskattstjóra um reiknað endurgjald. Í 7. gr. frumvarpsins er lagt til að skilyrði fyrir greiðslum til sjálfstætt starfandi einstaklinga verði m.a. að sjálfstætt starfandi einstaklingur sé með opinn rekstur auk þess að hafa staðið í skilum á greiðslu trygg-

ingagjalds og staðgreiðslu skatts af reiknuðu endurgjaldi samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda a.m.k. þrjá mánuði á næstliðnum fjórum mánuðum fyrir umsóknardag, sbr. d-lið. Fyrir nefndinni komu fram ábendingar um að í framkvæmd væri almennt litið til rekstrar undanfarinna tólf mánaða. Nefndin telur nauðsynlegt að samræmis sé gætt í skilgreiningu 3. gr. og skilyrðum 7. gr. fyrir greiðslum og leggur til að við d-lið bætist: eða með öðrum reglulegum hætti samkvæmt reglum ríkisskattstjóra.

Nefndin leggur til að réttur sjálfstætt starfandi einstaklinga hvað varðar viðmið fjárhæðar greiðslna verði sambærilegur við rétt launamanna og leggur því að miðað verði við mánaðarlegar meðaltekkjur hans í stað 80%.

Aðrar breytingar.

Nefndin leggur til smávægilega lagfæringu á 10. gr. frumvarpsins um heimild til upplýsingaöflunar þannig að skýrt sé að Vinnumálastofnun hafi heimild til öflunar og eftirfarandi vinnslu nauðsynlegra upplýsinga við framfylgd laganna auk breytingar á fyrirsogn greinarinnar.

Loks leggur nefndin til að fyrirsogn frumvarpsins breytist þannig að orðin „að sýna merki þess“ falli brott þar sem einstaklingar geta sýnt merki þess að vera sýktir af COVID-19 án þess að vera það þar sem einkennin líkjast hefðbundnum flensueinkennum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Anna Kolbrún Árnadóttir ritar undir nefndarálit þetta með fyrirvara.

Hanna Katrín Friðriksson, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykk áliði þessu.

Alþingi, 19. mars 2020.

Helga Vala Helgadóttir,	Ólafur Þór Gunnarsson.	Ásmundur Friðriksson.
form., frsm.		

Anna Kolbrún Árnadóttir, Guðmundur Ingi Kristinsson. Halla Signý Kristjánsdóttir.
með fyrirvara.

Halldóra Mogensen.	Lilja Rafney Magnúsdóttir.	Vilhjálmur Árnason.
--------------------	----------------------------	---------------------